

289. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn mánudaginn 21. ágúst 2017 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.

**Mættir:**

Kristjana Hermannsdóttir  
Júníana Björg Óttarsdóttir  
Fríða Sveinsdóttir  
Kristinn Jónasson, bærarstjóri  
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari


Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundin. Var að því búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.


**Dagskrá:**


- 1) **Fundargerð landbúnaðarnefndar, dags. 14. ágúst 2017.**  
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 2) **Fundargerð 90. fundar stjórnar FSS, dags. 6. júlí 2017.**  
Lagt fram til kynningar.
- 3) **Fundargerð 144. fundar heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 1. ágúst 2017.**  
Lagt fram til kynningar.
- 4) **Bréf frá stjórn Svð. Sumargjafar, dags. 24. júlí 2017, varðandi ósk um að setja skilti á Mettubúð.**  
Bæjarráð tekur jákvætt í erindið en óskar eftir frekari upplýsingum um stærð og umfang skiltisins. Erindið hefur þegar verið sent umhverfis- og skipulagsnefnd og verður tekið fyrir þar á næsta fundi nefndarinnar.
- 5) **Bréf frá bærarstjóra, dags. 15. ágúst 2017, varðandi ósk um aukafjárveitingu vegna malbikunarframkvæmda.**  
Bæjarráð samþykkti samhljóða að veita aukafjárveitingu vegna malbikunarframkvæmda að upphæð kr. 65.000.000.- Aukafjárveitingin verður fjármögnuð með láni frá Lánasjóði sveitarfélaga.
- 6) **Bréf frá bærarstjóra, dags. 15. ágúst 2017, varðandi heimild til lántöku frá Lánasjóði sveitarfélaga.**  
Bærarstjórn Snæfellsbæjar samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 120.000.000 kr., í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Er lánið tekið til að fjármagna hluta af framkvæmdaáætlun ársins 2017, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjód sveitarfélaga nr. 150/2006.  
  
Jafnframt er Kristni Jónassyni, kt.: 300965-3779, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Snæfellsbæjar að undirrita lánssamning við Lánasjód sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.
- 7) **Bréf frá bæjarritara, dags. 17. ágúst 2017, varðandi nýtt starf umsjónarmanns félagsheimila.**  
Bæjarráð samþykkti erindið samhljóða.
- 8) **Bréf frá Sturla Böðvarssyni, dags. 2. ágúst 2017, ásamt minnisblaði um vinnureglur um gististaði í íbúðabyggð.**  
Bæjarráð tók jákvætt í erindið og er sammála því að það væri ágætt að reyna að hafa samræmdar reglur um þetta á Vesturlandi.
- 9) **Bréf frá Vegagerðinni, dags. 9. ágúst 2017, varðandi breytingar á hámarkshraða á nokkrum stöðum í Snæfellsbæ.**  
Lagt fram til kynningar.


- 10) **Bréf Vegagerðarinnar til Hafnasambands Íslands, dags. 5. júlí 2017, varðandi niðurlagningu víta.**  
Bæjarráð samþykkti samhljóða að vísa erindinu til hafnarstjóra og fela honum að gera athugasemdir við erindið.
- 11) **Bréf Skipulagsstofnunar til Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 28. júlí 2017, varðandi umsögn um undanþágu vegna fjarlægðar íbúðarhúsa í landi Axlar frá Útnesvegi.**  
Lagt fram til kynningar.
- 12) **Bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga, ódags. varðandi breytilega vexti.**  
Lagt fram til kynningar.
- 13) **Minnispunktur bæjarstjóra.**  
a) Bæjarstjóri sagði frá framkvæmdum í sveitarfélaginu.  
b) Bæjarstjóri ræddi um framkvæmdir við ferðamannastaði.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:40

  
Kristjana Hermannsdóttir

  
Jániana Björg Óttarsdóttir

  
Friða Sveinsdóttir

  
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

  
Lífja Ólafardóttir, bæjarritari